

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 1 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)

ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna, viðskiptabréfareglur (60%).

Prófdagur: 7. nóvember 2009 Kl.: 09:00 – 13:00

Úrlausnartími: 4 klst. Prófblöð: 3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Veðréttur (25%)

1. Hvað er uppfærsluréttur? Gerið grein fyrir reglum íslensks veðréttar um uppfærslurétt. **(15%)**
2. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar, eitt stig er dregið frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. **(10%)**:

a) Ákvæði 3. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð eru frávíkjanleg.

___ Rétt

___ Rangt

b) Samningur um handveð í lausafé skal vera skriflegur.

___ Rétt

___ Rangt

c) Tilgreiningarreglan gildir um söluveð.

___ Rétt

___ Rangt

d) Þegar hlutabréf sem er veðsett er innleyst má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, meðal annars til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar.

___ Rétt

___ Rangt

e) Eftirfarandi ákvæði er að finna í samþykktum einkahlutafélags: „*Hluti í félaginu er óheimilt að selja án samþykkis stjórnar.*“ Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir veðsetningu hluta í félaginu án samþykkis stjórnar.

___ Rétt

___ Rangt

Þinglýsingar (15%)

1. Í eftirfarandi liðum eru tilgreind skjöl sem var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í hverjum lið fyrir sig í forgangs röð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. Ef tvö eða fleiri skjöl eru jafn rétt há þá skal merkja þau bæði (eða öll) með báðum (eða öllum) þeim sætum sem þau eiga. Sem dæmi má nefna að ef tvö skjöl eru bæði rétt hæst þá skal merkja þau bæði með „1-2“. **(10%)**

a)

- ___ a. Veðskuldabréf, dags. 18. ágúst 2009, barst til þinglýsingar 14. október sama ár kl. 10:25.
- ___ b. Fjárnám gert í eigninni 14. október 2009, kl. 12:45, barst til þinglýsingar sama dag kl. 12:56.
- ___ c. Fjárnám gert í eigninni 14. október 2009, kl. 11:35, barst til þinglýsingar sama dag kl. 13:50.
- ___ d. Fjárnám gert í eigninni 25. ágúst 2009, barst til þinglýsingar 14. október sama ár kl. 14:14.

b)

- ___ a. Veðskuldabréf, dags. 10. ágúst 2009, barst til þinglýsingar 26. október sama ár kl. 11:01.
- ___ b. Fjárnám gert í eigninni 18. september 2009, barst til þinglýsingar 16. október sama ár kl. 13:01.
- ___ c. Fjárnám gert í eigninni 5. ágúst 2009, barst til þinglýsingar 26. október sama ár kl. 10:57.
- ___ d. Veðskuldabréf, dags. 11. júlí 2009, barst til þinglýsingar 26. október sama ár kl. 12:23.

2. Gerið grein fyrir því hvað felst í neikvæðum áreiðanleika þinglýsingarbóka. **(5%)**